

Tíma fjöldi á viku: 6

Kennarar: Haukur Claessen og ??

Markmið: Kennslan hefur það meginmarkmið að efla áhuga nemenda á tungumálinu og færni þeirra í málnotkun, s.s. með lestri bókmennta, umfjöllun um mál og málfar og margvíslegum verkefnum í framsögn og ritun. Kennslan miðar einnig að því að nemendur geti gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotenda við lok grunnskóla, þannig að þeir átti sig á því að þegar skóla sleppir sé það á þeirra ábyrgð að nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Námsefni:

Gísli saga (Ragnar Ingi Aðalsteinsson endursagði og stytta upprunalegan texta)

Vertu ósýnilegur e. Kristínu Helgu Gunnarsdóttur

Kjörbækur

Ritunarbókin e. Lasse Ekholm

Íslenska - kennslubók í málvísi og ljóðlist e. Jón Norland

Málfinnur - lítil málfræðibók e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur

Valin verkefni frá kennurum í stafsetningu og málfræði

Kvikmyndirnar *Útlaginn* í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar og *Brúðguminn* í leikstjórn

Baltasars Kormáks

Kennsluaðferðir og skipulag:

Lestur, umræður, innlagnir kennara, verkefnavinna (einstaklings-, para- og hópavinna), kynningar nemenda á verkefnum o.fl.

Námsmat:

Leiðsagnarmat, kannanir, munnleg próf og lokaverkefni.

Hæfniviðmið:

Tengsl við hæfniviðmið er að finna í áætlunum viðkomandi námsþátta / verkefnalýsingum á Classroom, eftir því sem við á. Sjá yfirlit hæfniviðmiða fyrir íslensku við lok 10. bekkjar aftast í þessu skjali.

Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar

Sjá vinnuáætlun á næstu síðu

Tímabil	Bókmenntir (og ljóð)	Ritun og framsögn	Málfræði og önnur verkefni
ágúst	Kynning á námsefni Gísla saga: Kaflar 1-2	Óformleg stafsetningaræfing	Stofn orða
september	Gísla saga: Kaflar 3-12	Ritun 1: Málverkslýsing Verkefni í tengslum við kvikmyndina Brúðguminn	Fallorð
október	Gísla saga: Kaflar 13-20 Horft á kvikmyndina „Útlaginn“. Könnun úr köflum 1-20 í Gísla sögu Nemendur undirbúa handskrifað glósublað.	Ritun 1: Málverkslýsing	Fallorð
nóvember	Gísla saga: Kaflar 21-38 Munnlegt próf úr Gísla sögu 2x2	Stafsetningarreglur. Stafsetningarkönnun 1 Framsögn 1: Opinn hljóðnemi í 1 mín.	Könnun í fallorðum úr bók Jóns Norland
desember	Lokaverkefni úr Gísla sögu Skil á vinnubók úr Gísla sögu	Ritun 2: Að lýsa atburðum	Sagnorð
janúar	Vertu ósýnilegur: Kaflar 1-4 Kjörbókarlestur	Stafsetningarkönnun 2	Sagnorð
febrúar	Vertu ósýnilegur: Kaflar 5-8 Könnun úr köflum 1-7 í Vertu ósýnilegur Ljóð, kynning. Kjörbókarlestur	Ritun 3: Að finna rétt orð. Framsögn 2: Kynning á ljóðskáldi.	Hópverkefni úr orðfloknum byggð á bók Norlands og Málfinn.
mars	Vertu ósýnilegur: Kaflar 9-12 Kjörbókarlestur	Stafsetningarkönnun 3	Hópverkefni úr orðfloknum byggð á bók Norlands og Málfinn. Setningafræði.
apríl	Lokaverkefni úr Vertu ósýnilegur Skil á kjörbókarverkefni	Ritun 4: Nú eða þá? Framsögn 4: Kjörbók kynnt.	Mál og málnotkun. Könnun úr setninga-fræði.

mái	Lokaverkefni í íslensku	Framsögn 4: Tækifærisræða	Mál og málnotkun
------------	-------------------------	---------------------------	------------------

Hæfniviðmið fyrir íslensku

10. bekkur

Hæfniviðmið fyrir íslensku

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, talað mál, hlustun og áhorf mynda þann fyrsta, síðan lestur og bókmenntir, þá ritun og að síðustu málfræði. Í heildina sýnir taflan þá hæfni sem hver einstaklingur skal búa yfir við lok 10. bekkjar.

(TMHÁ) Talað mál, hlustun og áhorf - við lok 10. bekkjar getur nemandi:

TMHÁ1 - flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas,

TMHÁ2 - gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu,

TMHÁ3 - nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar,

TMHÁ4 - hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni,

TMHÁ5 - nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt,

TMHÁ6 - átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

(LB) Lestur og bókmenntir - við lok 10. bekkjar getur nemandi:

LB1 - lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað,

LB2 - skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi,

LB3 - og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur,

LB4 - greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða,

LB5 - gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því,

LB6 - lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,

LB7 - beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð,

LB8 - notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum,

LB9 - leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess,

LB10 - unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér,

LB11 - valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.

(R) Ritun - við lok 10. bekkjar getur nemandi:

R1 - skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær,

R2 - beitt skipulegum vinnu- brögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar,

R3 - tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun,

R4 - beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda,

R5 - valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsmiði við hæfi,

R6 - notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um,

R7 - Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann

(M) Málfræði - við lok 10. bekkjar getur nemandi:

M1 - beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess,

M2 - valið orð í tali og ritun í sam- ræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun,

M3 - flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,

M4 - áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,

M5 - notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni,

M6 - gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna,

M7 - áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt,

M8 - áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap,

M9 - gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.